





Reykjavík, 11.ágúst 2026
USK26070127

Grafarholt austur - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um staðsetningu dreifstöðvar rafmagns.


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11.ágúst 2026 var lögð fram fyrirspurn Eflu um að skilgreina lóð fyrir dreifistöð rafmagns á borgarlandi við Marteinslaug 7



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Grafarholts, svæði 3



Skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin við Þórhildarstíg 1 borgarluta 10 og er hluti af Íbúðasvæði, IB56

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Grafarholt austursvæði, samþykkt í borgarráði 19.júlí ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Fyrirhuguð lóð er staðsett á borgarlandi norðan við bílastæði Marteinslaugar 7.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á staðsetningar á lóð fyrir dreifistöð. Staðsetningin var valin með það í huga að dreifistöðin verði sem næst miðju þess svæðis sem henni er ætlað að þjóna. Markmiðið er að stytta lágspennustrengi, bæta spennugæði á svæðinu og draga úr spennufalli, sérstaklega vegna fyrirhugaðra rafhleðsluheimtauga. Einnig þarf að tryggja nægilegt rými fyrir dreifistöðina og gott aðgengi vegna uppsetningar, reksturs og framtíðarviðhalds.

Deild samgangna og borgarhönnunar gerir athugasemdir við staðsetningu þar sem að dreifistöðin kemur til með að hindra sjónlínur fyrir gangandi og hjólandi.

Lögð er til staðsetning um 20m austar þar sem sjónlínur skerðast ekki.



Niðurstaða

Neikvætt er tekið í tillögu að staðsetningu dreifistöðvar á umræddum stað þar sem staðsetningin skerðir sjónlínur gangandi og hjólandi vegfarenda við gatnamót stíga. Lagt er til að dreifistöðin verði staðsett um 20 metrum austar meðfram göngustígnum, þar sem ekki er um að ræða gatnamót göngu- og hjólastíga og áhrif á sjónlínur og umferðaröryggi eru því mun minni.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.